

Jón Jónsson, þjóðfræðingur á Kirkjubóli:

Gönguleiðir í nágrenni Hólmavíkur



- Hugmyndavinna um gönguleiðaverkefni Φ 2024 -

Efnisyfirlit

I. Gönguleiðir í grennd við Hólmavík	3
Hugmyndafræði verkefnisins	6
Tenging við þjóðsagnastaði, minjar og menningarlandslag	8
Ávinningur fyrir ferðapjónustu	10
Ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúa	11
Framkvæmdir og fjármögnun	12
II. Leiðir sem lagt er til að vinna með	17
Hólmavíkurborg	17
Kálfnanesborgir	22
Kálfnanesland	26
Skeljavík.....	28
Þiðriksvellir og Vatnshorn	33
Víðidalssárland	37
Ósdalur og Ósborgir	42
Frekari kortlagning á leiðum	46
III. Helstu heimildir og ítarefni sem kemur sér vel.....	47

I. Gönguleiðir í grennd við Hólmavík

Þessi hugmyndavinna um gönguleiðir í grennd við Hólmavík er unnin með stuðningi frá byggðapróunarverkefninu **Sterkar Strandir** sem fær kærar þakkir fyrir stuðninginn. Þessi skýrsla er unnin af Jóni Jónssyni þjóðfræðingi.



Það er skoðun skýrsluhöfundar að mikil ónýtt tækifæri felist í því að efla og markaðssetja Strandir sem áhugavert göngusvæði og að við þá vinnu sé mikilvægt að tengja þjónusta- staði og gönguleiðirnar sem allra best saman. Ein besta aðferðin til þess sé að teikna upp leiðir og leiðarlýsingar í kringum þorpin, verlanir, veitingastaði, söfnin, gistihús, tjaldsvæði og aðra þjónustu á Ströndum og kynna síðan þessar leiðir markvisst og á heildstæðan hátt.

Hólmavík er stærsti þéttbýlisstaðurinn á Ströndum og margsinnis hefur verið rætt um að merkja fleiri leiðir og leggja fleiri göngustíga í grennd við Hólmavík. Þetta skoraði býsna hátt í hugmyndavinnu íbúa við stefnumótun Sterkra Stranda. Fólk áttar sig á að slík grunnvinna er forsenda fyrir sérstöku markaðsátaki sem snýr að Hólmavík sem göngu- og útivistarsvæði.

Heilmikið hefur þegar verið gert í sambandi við gönguleiðir á Ströndum og í nágrenni Hólmavíkur. Átak í lok síðustu aldar sem tengist ferðaverkefninu *Ferðaþjónusta og þjóðmenning*, sem Héraðsnefnd Strandasýslu stóð fyrir og undirritaður vann að, sneri meðal annars að gönguleiðum og skipulögðum gönguferðum í allri sýslunni. Innan ramma þess verkefnis var upphaf nokkurra leiða víða á Ströndum merkt og þeim komið á kort, m.a. yfir leiðinni yfir Naustvíkurskörð í Árneshreppi, hringleið á Hólsfjall í Bjarnarfirði og gamla póstleiðin og kirkjuvegurinn um Bæjarháls milli Bæjar á Selströnd og Kaldrananess.



Um svipað leyti í lok síðustu aldar var ráðist í framkvæmdir tengdar gönguleiðum á nokkrum stöðum, til dæmis þegar göngustígurinn um Kálfanesborgir fyrir ofan Hólmavík var gerður og afmarkaður, að hluta til af krökkum í unglíngavinnunni á Hólmavík sem unnu þá undir stjórn Sigurðar Atlasonar og fleiri.



Sjálfbóðaliðasamtökin Seeds lagfærðu síðan þennan stíg um Kálfanesborgirnar á árunum 2009-2010 og ungmenni frá sömu samtökum unnu líka í tvígang að því að gera gönguleið hringinn í kringum Höfðahverfið. Þeirri göngustígagerð var aldrei almennilega lokið við Kálfaneslækinn og þessi ævintýralegi hringur sem er alveg stórkostlega skemmtileg gönguleið fyrir fjölskyldufólk hefur lítið verið kynntur. Eins skortir aðeins á merkingar og afmörkun á stígunum við Kálfaneslækinn, en líka er hægt að fara upp við Vesturtúnið. Allmargir heimamenn hafa reynslu af að verkstýra Seeds-liðum, m.a. Lýður Jónsson, Ásta Þórisdóttir, Eiríkur Valdimarsson, Svanur Kristjánsson og Esther Ösp Valdimarsdóttir.

Ferðamálasamtök Vestfjarða gerðu vönduð göngukort fyrir alla Vestfirði upp úr 2006 og þá voru leiðir í kringum Hólmavík meðal þeirra sem merktar voru og settar á kort. Þar var Kálfaneshringurinn á kortinu og sömuleiðis hringurinn í kringum Þiðriksvallavatn og margar aðrar leiðir á Ströndum. Þannig hefur verið unnið með gönguleiðir við Hólmavík í langan tíma og sjálfsagt að nýta og byggja á því sem þegar hefur verið gert.

Innanbæjar á Hólmavík hefur líka verið lagfært fyrir gangandi fólk með tröppum, m.a. í kirkjuhvamminum neðan við Hólmavíkirkirkju þar sem skrautlega málaðar tröppur liggja frá kirkjunni niður á Hafnarbraut. Eins eru tröppur upp úr botninum á Brunnagötunni og upp að kirkjunni, hinum megin við Brennuhólinn. Þá hefur verið gerður stígur frá enda Kópnesbrautarinnar upp að sumarhúsahverfinu við enda Borgabrautar.

Göngustígurinn um Kálfanesborgir er feykilega mikið notaður og vinsæll til gönguferða. Eins er vinsælt meðal Hólmvíkinga að ganga frá þorpinu eða Hermannslundi upp á Sjónvarpshæðina í landi Skeljavíkur (eða Nónhæð eins og hún hét áður).

Margir ganga líka með þjóðveginum sitt hvoru megin við Hólmavík, en gott væri að sú gangandi umferð færðist á göngustíga því auðvitað er hættu á slysum þegar fólk gengur í kantinum á þjóðvegi þar sem ekið er greitt.




Samantekið má segja að margvísleg vinna hefur verið í gangi í langan tíma við að gera og lagfæra gönguleiðir og stíga á Hólmavík. Að sama skapi hefur verið áhugi fyrir því að gera meira í þessum efnum, bæði að merkja leiðir og búa til fleiri stíga. Sumt af því hefur verið hugsað í öryggisskyni, eins og að gera göngu- og hjólastíg út í Skeljavík þar sem börn fara á íþróttæfingar. Hugmynd um stíg fyrir ofan Borgirnar, frá dæluhúsinu við Ósá og upp að vatnstankinum í Borgunum hefur einnig verið

hugsaður til að búa til hlaupa- og hjólaleið þar sem ekki þyrfti að fara út á þjóðveginn.

Hugmyndafræði verkefnisins

Hér er lagt til að ráðist verði í sérstakt langtímaverkefni við að merkja leiðir og markaðssetja Hólmavík og nágrenni sem gönguparadís. Þar verði hægt að velja úr mörgum ólíkum leiðum þar sem margt sé að sjá og fræðast um.

Lagt er upp með að miðað sé við að leiðirnar í þessu verkefni séu flestar léttar og gönguferð eftir merktum leiðum eða slóðum sé ávallt framkvæmanleg á einum degi. Sumar taki reyndar jafnvel bara klukkutíma eða minna, en miðað við sex tíma göngu að hámarki, nema í undantekningartilvikum. Hugmyndin er að Hólmavík og nágrenni verði göngusvæði fyrir öll sem hafa lágmarksgetu til gönguferða og áhuga á útivist, göngusvæði fyrir fjölskyldufólk og fólk í misgóðu formi, en ekki bara þrautþjálfaða göngugarpa.



Verkefnið miðast við að benda á hringleiðir sem skarast og tengjast með margvíslegum hætti, þannig að auðvelt sé að nýta leiðarlýsingar til að búa til lengri eða erfiðari gönguferðir með því að tengja saman leiðir og flétta saman fleiri en

einni hringleið. Þannig getur hver sem er valið eða búið sér til göngu við hæfi, erfiða eða léttu. Göngurnar tengist áhugaverðri náttúru og fróðleik, menningarlandslagi og sögustöðum. Um leið verði reynt að velja myndrænar leiðir til að kynna og markaðssetja.

Þessar hringleiðir sem skarast og tengjast eru skipulagðar og teiknaðar út frá leiðunum í þorpinu sjálfu og um Borgirnar. Hringirnir ná yfir stórt svæði og leiðirnar liggja um þrjár landareignir í eigu sveitarfélagsins Strandabyggðar; jarðirnar Skeljavík, Víðidalsá og hluta Kálfaness. Einnig tvær jarðir í eigu Orkubús Vestfjarða, Vatnshorn og Þiðriksvellir, og loks jarðir í einkaeigu; Kálfanes, Ytri-Ós og Innri-Ós.

Hugmyndafræðin gerir ráð fyrir að allar leiðirnar séu aðgengilegar á GPS-tracki (myndskreyttar og með fróðleik) og nú á tímum snjallsímans er þetta allt saman miklu auðveldara en áður var. Hér er lagt til að nota forritið Wiciloc til að merkja leiðir í grennd við Hólmavík og miðla fróðleik um þær. Sumar leiðirnar, þær sem ætlunin er að halda meira á lofti en öðrum, mættu að auki gjarnan vera aðgengilegar á gönguleiðakorti og merktar vandlega með upphafsskiltum með myndrænni framsetningu.



Hugmyndin er annars að það sé misjafnt hvort og hvernig gönguleiðirnar sjálfar eru merktar. Sumar verði bara kortlagðar og merktar í netheimum, en aðrar verði byggðar upp þannig að stikum eða vörðum sé fylgt og ákveðnir slóðar gengnir.

Reynt verði að nota vegslóða sem þegar eru til, eins mikið og hægt er. Næst þorpinu verði síðan gerðir göngustígar til viðbótar við þá sem fyrir eru, svo sem í kringum Höfðahverfið, út í Skeljavík og í kringum Kálfnaborgirnar.

Það er hluti af hugmyndafræðinni að virkja heimafólk, göngugarpa, bændur sem smala þetta land og landeigendur, til að aðstoða við að velja leiðir og forgangsraða framkvæmdum. Best væri að búa til vinnuhóp um verkefnið, þar sem áhugasamir geta einnig tekið þátt, til að ræða leiðir og leiðarval, kortleggja betur bestu leiðirnar, velja þær sem á að markaðssetja og forgangsraða. Þetta getur vel verið sjálfbærliðahópur en þyrfti þá að fá verkstjóra, t.d. einhvern frá sveitarfélaginu. Í öllu falli er mikilvægt að bjóða því útivistarfólki sem hefur gengið um fjöll og firnindi allt í kringum Hólmavík að taka þátt og koma með ábendingar og tillögur. Slík hópvinna og þátttaka heimafólks myndi skapa jákvæðni gagnvart verkefninu og þrýsting á framkvæmdir og viðhald.

Tenging við þjóðsagnastaði, minjar og menningarlandslag

Gönguleiðir í nágrenni Hólmavíkur ættu að segja sögu, eða öllu heldur sögur, en ekki bara að endurspegla fallega náttúru svæðisins. Það væri í anda þeirrar ímyndar sem svæðið hefur nú þegar og er einn af helstu styrkleikum þess. Að minnsta kosti gefst gott tækifæri til að miðla margvíslegum fróðleik og sögum í tengslum við leiðirnar, allskonar sögur og sagnir eru vel þekktar á þessu svæði og til er fróðleikur um örnefni, sögustaði, fornminjar, menningarlandslag, byggðir og búskap.



Nú er búið að skrá fornminjar á þremur af þeim jörðum sem hér er fjallað um og auðvitað þyrfti að bæta fornleifaskráningu á öðrum jörðum í sveitarfélaginu við. Sveitarfélögum er lagaskyld að grunnskrá fornleifar innan sinna vébanda (og það er hálf skammarlegt að því sé ekki lokið í Strandabyggð). Þær þrjár jarðir sem þegar hafa verið skráðar eru Kálfanes, Skeljavík og Víðidalsá og voru þær skráðar á árunum 2022-23 af fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga og skýrsla gefin út 2024.

Skýrsla um það verkefni er aðgengileg [undir þessum tengli](#). Var þetta framlag Minjastofnunar til Strandabyggðar í tengslum við þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu *Brothættar byggðir*, en Minjastofnun hefur jafnan reynt að veita þeim byggðum einhverja aðstoð til góðra verka.

Þetta framtak gerir okkur mun auðveldara fyrir við að tengja gönguleiðirnar við ýmsar sögulegar minjar sem enn sjást í landslaginu, gömul eyðibýli og sel, vörður og túngarða. Það er ótrúlega gaman að skoða skrítnar mannvistarleifar, refagildru á holti og rústir af hjöllum, svo dæmi séu nefnd.

Lagt er til að veruleg áhersla verði á slíkar tengingar gönguleiðanna, þannig að hægt sé að fræðast um búsetusögu Stranda og ummerki um sambúð manns og lands úti í náttúrunni. Þannig er hluti af hugmyndafræði verkefnisins að unnið verði með sögu og minjar og gönguleiðirnar tengdar við menningarlandslagið og búsetuminjar sem hægt er að heimsækja og skoða.



Áhersla á þjóðsögur og sagnir, álfabyggðir og álagabletti, fornkappa og steintröll, er einnig hluti af hugmyndafræðinni. Þannig er ýtt undir þá ímynd svæðisins sem þegar er fyrir hendi að það sé dulúðugt sagnasvæði þar sem þjóðsögur, þjóðtrú og sagnir eru í hávegum hafðar. Heimildir um þessar sögur og sagnir eru meðal annars sóttar í þjóðsagnasöfnin, örnefnaskrárnar og frásagnir sem varðveittar eru í segulbandasafni Árnastofnunar.



Örnefni eru svo enn einn áhersluþátturinn, að miðla fróðleik um þau, enda segja staðanöfnin stundum sögur og eru eins konar minnisvarði í landslaginu um þær, örnefni tengjast einnig oft sögulegum atburðum, ferðaleiðum eða búskaparháttum genginna kynslóða.

Ávinningur fyrir ferðapjónustu

Það er augljóst að ef ráðist verður í verkefni um merkingar og miðlun upplýsinga um gönguleiðir í grennd við Hólmavík, myndi slíkt hafa mjög jákvæð áhrif, m.a. fyrir ferðapjónustu á svæðinu. Sífelld er verið að reyna að efla ferðapjónustu á Ströndum og til þess er fátt betra en vinna grunnvinnu við uppbyggingu innviða og að styrkja ímynd svæðisins sem náttúruperlu og útivistarsvæðis. Uppbygging grunnþjónustu og afþreyingar byggir oft á jákvæðri ímynd svæðis, útivist, náttúruperlum, menningu og mannlífi.

Möguleikar geta einnig skapast á ýmiskonar atvinnusköpun í tengslum við slíkt verkefni. Til dæmis væri hægt að bjóða upp ýmiskonar þjónustu og gönguleiðsögn fyrir hópa stóra og smáa. Hægt væri að skoða sérstaklega leiðir sem gætu verið hluti af ferðapökkum á Ströndum, vetur, sumar, vor og haust. Allt árið er hægt að bjóða upp á sögurölt með leiðsögn um þorpið fyrir hópa og leiðsögn á vel völdum lengri gönguleiðum. Jafnvel mætti tengja slíkar ferðir skíðagöngunni sem er sífelld vinsælla sport á Ströndum og hefur verið að eflast sem hluti af ferðapjónustu á svæðinu með námskeiða- og keppnishaldi. Með sama hætti er hægt að tengja ýmsa minjagripaframleiðslu við gönguleiðirnar og vinna þannig með sérstöðuna.



Eins er hægt að þematengja margvíslega útivist og gönguferðir, til dæmis með veiði í fjallavötnum, gönguferðum um söguslóðir, rannsóknir á fornmannahaugum, eyðibýlum og seljabúskap og margt fleira mætti nefna.

Ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúa

Hugmyndafræði verkefnisins gerir ráð fyrir að í því felist ekki eingöngu ávinningur fyrir ferðafólk og ferðapjóna. Heimafólk er einnig mikilvægur markhópur sem þarf að ná til. Þetta er þeirra menningarsaga sem er auðvitað gaman að þekkja betur, öll miðlun fróðleiks um átt Haga og heimabyggð eflir staðarvitund og staðartengsl. Eins væri áhugavert að tengja þetta verkefni með einhverjum hætti við heilsu- og útivistaráttak í heimabyggð og stuðla þannig að bættri lýðheilsu Strandamanna.

Það er mikilvægt fyrir hvaða þéttbýlisstað sem er og Hólmavík líka, að heimamenn séu stoltir af sínu svæði og hampi því sem gert er vel í heimabyggðinni. Því þarf að vanda vel til verka og reyna að vinna að uppbyggingu þessara gönguleiða og verkefninu í heild í sátt við heimafólk og með þeim hætti að þeim þyki sómi að fyrir sína sveit.



Þetta á við um alla uppbyggingu og hönnun, merkingar og þessu fylgir líka að sinna þarf viðhaldi reglulega til að passa upp á að gönguverkefnið sé alltaf til sóma. Einnig þarf reglulegar uppfærslur á fróðleikum á vefnum og annarri miðlun að vera vel sinnt. Jafnóðum þarf að lagfæra það og breyta því sem breyta þarf. Það þarf líka að vera möguleiki að kippa einstökum leiðum út úr kynningarefni, ef þær til dæmis liggja undir skemmdum vegna ágangs.

Einnig þarf að finna leið til að einhver taki ábyrgð á því að merkingar og skilti séu endurnýjuð og lagfærð. Þetta atriði hefur til dæmis skort upp á við göngustíginn í Kálfnaborgunum, að halda við þessum örfáu örnefnaskiltum sem þar eru.

Framkvæmdir og fjármögnun

Þessi umræða um ábyrgðaraðila, hér að framan, leiðir okkur auðvitað beint að skipulagi framkvæmda og verkefnisins í heild. Það verður að vera ljóst hver það er sem tekur ábyrgð á verkefninu, merkingum, stígagerð, uppbyggingu og markaðssetningu, ef af svona verkefni verður á annað borð. Ekkert ferðamálafélag er lengur starfandi á Ströndum og starfsemi upplýsingarmiðstöðvar er aflögð, en slíkir aðilar hefðu verið tilvaldir að taka að sér ákveðna verkþætti.



Það virðist liggja beint við að sveitarfélagið Strandabyggð taki að sér að standa á bak við svona verkefni um gönguleiðir í nágrenni Hólmavíkur og sjá um framkvæmdir, markaðssetningu og viðhaldsvinnu. Mikið af þessum gönguleiðum og stígagerðin er á landi sveitarfélagsins og ef allt er eðlilegt er sveitarfélagið líka best til þess fallið að vera sá aðili sem getur samræmt aðgerðir, komið á samstarfi við aðra landeigendur og fengið formleg leyfi fyrir merkingu einstakra leiða hjá þeim. Einnig getur það staðið á bak við upplýsingamiðlun og markaðssetningu og það er að einhverju leyti hlutverk þess hvort sem er. Það væri líka mjög til bóta ef sveitarfélagið tekur á sig ábyrgð á viðhaldi merkinga, skilta og stíga.

Það skiptir miklu, ef sveitarfélagið ákveður að ráðast í slíkt heildarverkefni, að ábyrgð einstaklinga í starfsliði Strandabyggðar sé skýr og að ákveðnum starfsmönnum verði úthlutað verkefnum og umsjón með ólíkum þáttum heildarverkefnisins og þeir séu vel meðvitaðir um þá ábyrgð.



Eðlilegt væri að skipta verkefninu upp í verkþætti og forgangsraða þeim niður á hvert ár til að fá yfirsýn yfir framkvæmdir og fyrstu skref.

- **Á fyrsta ári** væri raunhæft að setja upp vef með leiðarlýsingum og hefja markaðssetningu, auk þess að lagfæra þá stíga og skilti sem þegar eru fyrir hendi. Einnig þyrfti að vinna hönnunarvinnu fyrir framkvæmdir, ræða við landeigendur og fá viðeigandi leyfi með formlegum hætti.
- **Á öðru ári** þyrfti að setja upp merkingar við valdar gönguleiðir, lagfæra t.d. stíginn í kringum Höfðahverfið eða frá gangbrautinni við Hólmavíkurveg út á Grundir og setja kraft í markaðssetningu og kynningu. Merkja svo sem 2-3 leiðir með vörðum eða stikum og setja upp upphafsskilti, t.d. hringleiðina að Skeljavíkurseli og Þiðriksvallavatni og fjallabaksleiðina frá Hermannslundi um Sjónvarpshæð að Bleiksdal og Kálfanesi og aftur að Hermannslundi. QR-kóða mætti nota til að vísa á track af leiðinni á vefnum.
- **Á þriðja ári** mætti t.d. gera stíg eftir vatnslögninni frá dæluhúsi við Ósá og að vatnstankinum og auka þannig við hringleiðir um Kálfanesborgir, hlaupa- og hjólamöguleika þar, án þess að hluti leiðarinnar sé eftir þjóðveginum, með þeirri hættu sem því fylgir. Merkja kannski 2-3 leiðir með vörðum eða stikum að auki og setja upp upphafsskilti, t.d. við leiðina kringum Þiðriksvallavatn og yfir að Ósseli í Ósdal.

Auðvitað er hægt að velja aðrar leiðir til að merkja og koma á framfæri, en þær sem hér eru nefndar, og forgangsraða öðruvísi. Þetta er eingöngu hugmynd eða dæmi um viðráðanleg verkefni á hverju ári við þessa uppbyggingu. Aðalmálið er að ákveðið verði að líta á verkefnið sem langtíma verkefni, þar sem saman fari framkvæmdir og uppbygging, markaðssetning og kynning og viðhald á því sem áður hefur verið gert.

Hvernig standa eigi að fjármögnun á uppbyggingu og viðhaldi er auðvitað mikilvæg spurning. Hér er lagt til að höfuðáhersla verði lögð á að sækja um fjármögnun á framkvæmdum við gönguleiðirnar og verkefnið í heild til Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða. Sá sjóður hefur yfir töluverðu fjármagni að ráða og hefur oft stutt mjög myndarlega við verkefni tengd gönguleiðum sem sveitarfélög standa fyrir. Hægt væri að byrja á að sækja um fjármagn fyrir hönnun og skipulagsvinnu og síðan einstökum framkvæmdum í framhaldinu. Alls konar minni sjóðir koma einnig til greina til að fjármagna einstök verkefni og verkþætti.

Markaðssetning og kynning

Heildarmynd markaðssetningar er mikilvæg. Gera þarf vef um gönguleiðarnar og miðla efni þar á íslensku og ensku. Hægt er að nota app eins og Wikiloc til að halda utan um leiðirnar sjálfar og tengja inn á þær og nota QR-kóða á upphafsmerkingum til að vísa á viðeigandi vefslóð fyrir einstakar leiðir þar sem valin er besta leiðarlýsingin, með fróðleik og myndum. Sjálfsagt er að nýta tæknina með þessum hætti og það er örugglega farsælast að nýta forrit sem þegar eru til og aðrir nota, í staðinn fyrir að reyna að smíða eitthvað nýtt.

Benda má á að Strandabyggð á vefslóðina www.holmavik.is, en notar hana ekki neitt. Þetta vefsvæði mætti til dæmis gjarnan virkja í þágu verkefnisins.

Mikilvægt er að styrkja og nýta þá sérstöðu sem Strandir búa yfir á sviði ferðabjónustunnar. Þar koma galdrar og galdrastafir auðvitað strax upp í hugann, enda er Galdrasýningin einn best þekkti og best kynnti segull svæðisins og lykilaðili í mynd Stranda, bæði í menningarmálum og ferðabjónustu.

Hér er sett fram sú hugmynd að galdrastafurinn **Vegvísir** verði notaður til að undirstrika þessa tengingu við galdrana og verði nýttur sem táknmynd fyrir



Galdrastafurinn
Vegvísir
*tryggir gott gengi og
ánægjulega heimkomu*



*Ber staf þennan millum brjósta þér
þá þú ferðast og munt þú trauðla
villast í hrið eða verða úti og eins
rata þó á ókunna slóð farir. Ítem
mun þér ferðin gagnast vel
og þú góðrar heimkomu njóta.*

*The Magical rune Vegvísir
ensures a successful trip and a safe return*

verkefnið. Það verði gert á öllum þeim skiltum og merkingum sem sett verða upp og einnig á vefnum sem byggja þarf upp, þar sem þessar leiðir og verkefnið í heild sinni er kynnt og markaðssett og tengt inn á Track af leiðunum.



Hvatning til góðra verka

Ekkert gerist af sjálfu sér og hugmyndavinna ein og sér, leiðir oftast ekki til neins. Það er miklu auðveldara að fá góðar hugmyndir, en að hrinda þeim í framkvæmd. Vandaður undirbúningur og hugmyndavinna er þó vissulega oft forsenda þess að uppbygging og framkvæmdir verði að veruleika með sómasamlegum hætti.

Það er því full ástæða til að hvetja sveitarfélagið Strandabyggð til dáða á þessu sviði. Sveitarfélaginu er alla vega velkomið að nýta þessa hugmyndavinnu og skýrslu að vild, án sérstaks endurgjalds. Ráðist var í þetta verkefni með það að markmiði að það gæti orðið svæðinu til heilla. Hér er horft til framtíðar og það er ekki úr vegi að minna á að margt smátt getur gert eitt stórt.

Jón Jónsson,
þjóðfræðingur á Kirkjubóli og íbúi í Strandabyggð

II. Leiðir sem lagt er til að vinna með

Hólmavíkurborg

Alls ekki má vanmeta auðveldar leiðir þegar kynna á Hólmavík sem gönguparadís. Þær eru bæði mikilvægar til að koma fólki af stað og líka til að fá það til að kveikja á perunni. Hér er því lagt til að leiðir um þorpið sjálft verði hluti af því gönguleiðaneti sem markaðssett verður. Þá er fólk sem gengur um þorpið þegar búið að prófa hluta af ákveðnum leiðum í netinu og fer svo jafnvel að færa sig aðeins út fyrir þægindarammann til að skoða meira og þá kannski líka í lengri og styttri merktar eða kortlagðar göngur í nágrenni þorpsins.

Nauðsynlegt er að nefna hér aðgengismál í þorpinu. Víða í gamla bænum vantar gangstéttir og annars staðar eru þær ekki í nógu góðu standi. Stundum standa brotin af gömlum gangstéttarhellum jafnvel upp úr. Þetta getur verið verulega varasamt fyrir þá sem sjá illa eða eiga erfitt með gang og getur líka auðveldlega sett hjólandi út af laginu. Það er mikilvægt að leggja gangbrautir þar sem þær vantar og lagfæra þær þar sem eitthvað hefur farið úr skorðum.



Annað sem þarf að skoða er að t.d. gangandi fólk með barnavagna eigi greiða leið um þorpið. Upp á það skortir, t.d. af Borgabrautinni og niður í þorpið. Tröppurnar sem gerðar hafa verið til að tengja saman efri byggðir og neðri og til að gera þorpið skemmtilegt til skoðunar henta ekki öllum.

Annars eru auðvitað mjög fjölbreyttar leiðir um þorpið og hver og einn getur gengið þar um að vild. Það ætti að miða við að tengja leiðir sem bent er á sem mest við sögufræg hús og byggingar, minnismarki og listaverk, og annað sem gaman er að sjá og skoða. Einnig þarf að horfa sérstaklega til þess að tengja gamla bæinn, tjaldsvæðið og gististaðina saman og kynna ævintýralandið í fjörunni í kringum Höfðahverfið. Þar er kjörið að taka nesti með í gönguferð fjölskyldunnar.

Tanginn á Hólmavík



Track: Dvergarnir7: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/holmavik-tanginn-184569397>

Gönguleið um tangann á Hólmavík. Þarna er margt að sjá og skoða, gengið er í framhjá Café Riis, Galdri Brugghúsi og Galdrasýningu á Ströndum. Hér er miðað við að gangan hefist við Þróunarsetrið á Hólmavík, farið sé í kringum Vilja fiskverkun og Norðurfjaran þrædd meðfram gamla sláturhúsinu sem var starfrækt til 2000, alveg niður að Höfða. Listaverkin Klemus og Seiður skoðuð og horft yfir smábátahöfnina. Frá Seið aftur eftir Hafnarbrautinni og Höfðagötu á upphafsreit.

Vegalengd: 1 km. **Tími:** 20 mín **Ath.** Eins auðveld og hugsast getur.



Gamli bærinn á Hólmavík



Track: Dvergarnir7: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/holmavik-gamli-baer-184496695>

Gamli bærinn á Hólmavík er næstum allur á tanganum sem áður var kallaður Hólmarif, neðan og innan við Brennuhól sem Hólmavíkurkirkja stendur á. Þar eru gömlu húsin í bænum og býsna skemmtilegt að fara í gönguferð og skoða byggðina. Einnig er gaman að ganga Borgabrautina og horfa yfir bæinn. Hér er upphafsstaðurinn Café Riis á Hólmavík, elsta húsið í þorpinu, byggt 1897, og genginn smá hringur um byggðina og endað aftur á sama stað.

Farið er inn eftir Plássinu og Kópnesbrautinni þar sem flest gömlu húsin standa, m.a. gamli barnaskólinn, símsstöðin og kvenfélagshúsið. Farið framhjá kotbýlinu Kópnesi sem var byggt 1916 og bíður nú viðgerðar og upp á Borgabraut eftir göngustíg innan við byggðina. Eftir Borgabrautinni að Hólmavíkurkirkju sem var vígð á uppstigningardag 1968 eftir að hafa verið í byggingu í 14 ár. Farið niður tröppurnar og eftir gamla veginum yfir Baunaklifið inn á Hafnarbrautina.

Vegalengd: 1,4 km. **Tími:** 20-25 mín **Ath.** Fyrir alla sem ráða við tröppur

Ævintýraferð um Höfðahverfið



Track: Dvergarnir7

<https://www.wikiloc.com/hiking-trails/holmavik-hofdinn-og-sandsker-185014079>

Ævintýrlegt náttúruskoðunarrölt fyrir alla fjölskylduna í kringum „nýja hverfið“ á Hólmavík á Höfðanum, en öll húsin á þessu svæði eru byggð eftir 1978. Athyglin beinist þó ekki að húsunum, heldur fyrst og fremst að náttúrunni. Gönguleiðin er ekki alveg fyrir hvern sem er og á stöku stað þarf að halda í börnin svo þau fari sér ekki að voða, þar sem gatan er tæp og bratt niður.

Þarna er margt að sjá, m.a. minnismerki um Stefán frá Hvítadal og tóftirnar eftir heimili foreldra hans. Sandskerið er ævintýrlegt og hægt að ganga út í það nema á háflóði. Þarna við sjóinn eru tóftir af gömlum húsum, naustum og gördum, smá skógur, njólaþyrping, hvönn og krækiberjalyng.

Hér er miðað við að gengið sé frá bílplaninu við Krambúðina, niður Austurtúnið og þar niður að sjónum. Eftir að götunum sleppir er leiðin merkt með rauðum hælum sem standa varla upp úr grasinu og hún er vel sýnileg til að byrja með. Verður svo óljós þegar líður á ferðina. Hægt er að fara upp tröppur að endanum á Vesturtúninu. Borð og bekkur er til að borða nesti er neðst við Kópneslækinn.

Vegalengd: 1,8 km.

Tími: 40 mín

Ath. Spannandi og fjölbreytt

Aðrar leiðir um Hólmavíkurborg:

Af öðrum leiðum sem þarf að merkja um þorpið, er þessi mikilvægust:

Tjaldsvæðið – Galdrasýningin:

Leið frá tjaldsvæðinu, eftir gangstígnum um Hvolsmýrarbraut og Vitabrautina, þaðan upp fyrir skóla og niður að kirkjunni og niður tröppurnar í Brunnagötuna. Þaðan að Café Riis og Galdrasýningunni, en síðan smá hring til að skoða Klemus og Seið, til baka eftir Hafnarbrautinni og aftur upp að tjaldsvæði. Þannig er hægt að búa til smá hring, en auðvitað er líka hægt að ganga sama legginn fram og aftur.



Rósulaut:

Kynna þarf útivistarsvæðið og skógarlundinn í Rósulaut, ofan við grunnskólann sérstaklega fyrir gestum (og heimafólk). Þar er tilvalinn staður fyrir skógarævintýri á Hólmavík, nestisferðir, ánægju- og gleðistundir fyrir bæði gesti og bæjarbúa.



Kálfanesborgir

Göngustígurinn um Kálfanesborgir og þorpið



Track: Elísabet Snædís: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/kalfanesborgir-holmavik-49323156>

Göngustígurinn um Kálfanesborgir liggur um klettaborgirnar ofan við Hólmavík og er talsvert mikið genginn af útivistarfólki. Það þyrfti þó að vekja betur athygli á upphafi leiðarinnar og kynna hana betur fyrir gestum, merkja þarf við sundlaugina, skólann eða Hólmavíkirkirkju og innan við Kópnesbrautina. Örnefnaskilti og vegvísar þurfa líka viðhald og gaman væri að merkja Skólavörðuna og Háborgarvörðu líka með nafnaskiltum. Koma þarf fram við upphafsmerkingar að hægt sé að ganga allan hringinn eða skipta leiðinni í tvennt og hvaða tíma það taki hér um bil að ganga alla leiðina eða hluta hennar. Benda þarf á gestabókina sem er í Háborgarvörðu við stíginn, á hæsta punkti hans.

Margt er að sjá á göngunni, sem liggur alla leiðina eftir ágætum stíg um borgirnar, en vegi frá Háaklifi og í gegnum þorpið. Dálítið bratt er niður Borgirnar frá Löngutjörn að gamla veginum innan við þorpið og þar eru tröppur til að létta fólki lífið. Hætta er á aurbleytu á stígnum að vori.


Leiðin er fjölbreytt og enginn verður svikinn af því að ganga þennan skemmtilega hring þar sem margt er að sjá og skoða.

Vegalengd: 5 km.

Tími: 1,5 klst.

Ath. Tilvalin heilsubótarganga.

Kálfnesborgir – ytri hluti, ofan við þorpið



Track: Dvergarnir7: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/kalfnesborgir-ytri-hluti-184953797>

Gönguferð um stíginn um Kálfnesborgir – ytri hluta (ofan við þorpið). Farið er upp að sundlauginni, að Skólavörðunni og Háborgarvörðu. Þaðan haldið áfram en beygt niður í þorpið hjá merkingu við Löngutjörn. Gengið þaðan niður að grunnskólanum, en farið ofan við skólann, eftir Skólabraut og inn á göngustíg niður að Hvolsmýrarbraut. Þaðan aftur að ípróttamiðstöðinni.

Göngustígurinn um Kálfnesborgir var gerður í lok síðustu aldar. Vinnan var að hluta til unnin af unglíngavinnunni í þorpinu undir verkstjórn Sigurðar Atlasonar sem síðar tók að sér hlutverk galdramannsins á Galdrasýningunni á Hólmavík. Leiðin er fjölbreytt og enginn verður svikinn af því að ganga þennan skemmtilega hring þar sem margt er að sjá og skoða.

Vegalengd: 3,7 km.

Tími: 1 klst.

Ath. Frábært útsýni yfir þorpið.

Kálfanesborgir – innri hluti, innan við þorpið



Track: Dvergarnir7: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/kalfanesborgir-innri-hluti-184681365>

Gönguferð um stíginn um Kálfanesborgir – innri hluta hans. Farið er upp Borgirnar eftir stíg frá Hólmavíkirkirkju eða grunnskólanum, fram hjá Álftjörninni og klettunum þar við, en beygt til hægri hjá merkingu við Löngutjörn. Frá Hólmavíkirkirkju og upp Borgirnar er góður göngustígur. Þar sem vegurinn skiptist þá er eins og góð kindagata áleiðis niður að Háaklifi og þar niður brattann hafa verið gerðar tröppur. Frá Háaklifi er farið eftir veginum að þorpinu aftur. Gert er ráð fyrir að fara göngustíginn innan við Kópnesbraut upp á Borgabraut og aftur að kirkjunni.



Vegalengd: 3,3 km.

Tími: 1 klst.

Ath. Skemmtileg náttúruganga




Aðrar leiðir um Kálfnaborgir:

Búa mætti til góðan hlaupa- og hjólahring með því að gera stíg þar sem vatnslögnin liggur frá Ósá að vatnstankinum í Borgunum. Þarna er núna gróft og erfitt yfirferðar á köflum og það þyrfti að flytja í stígnn efni og tæki til að lagafæra, en landið er þegar raskað. Þá yrði til skammtilegur útivistarhringur með gamla veginum að Ósi og til baka eftir stígnum. Þá fjölgar líka möguleikum á göngu um Kálfnaborgir.

Kálfanesland

Kálfaneshringurinn



Track: Elísabet Snædís:

<https://www.wikiloc.com/hiking-trails/oshringurinn-gomul-thjodleid-49477188>

Kálfaneshringurinn sem er merktur á göngukorti Ferðamálasamtaka Vestfjarða er mjög fjölbreytt og áhugaverð gönguleið. Á trackinu hér fyrir ofan er farið yfir ána að Ósi, en það er óparfi, frekar að fara upp með ánni að vatnsdæluhúsinu og þaðan yfir Þjóðveginn í Tröllkonudal og skoða áveituna gömlu í Stakkamýrinni, en steipt stífla sést rétt við Sjúllann sem er lítið hús þarna. Síðan er haldið er eftir 19. aldar veginum upp fyrir Stakkinn, frá reykhusinu í hinu horni Stakkamýrinnar. Á trackinu hér að neðan er heldur ekki gert ráð fyrir göngunni í gegnum þorpið, en sjálfsagt er að hafa þorpið hluta af þeirri leið sem miðlað verður.

Gamli vegurinn milli Hólmavíkur og Ósbæjanna var lagður 1927-28 og skemmtileg gönguleið. Sigguhellir, Háaklifið og Rostungsklettur eru staðir sem er þess virði að skoða betur og sömuleiðis er mjög áhugavert að skoða gamla bæjarstæðið í Kálfanesi, þar er feykilega mikið af rústum og mannvistarleifum. Gvendarbrunnur er í læknum í Kálfanesi og sjálfsagt að ná sér í vígt vatn til heilsubótar þar.

Vegalengd: 10 km.

Tími: 2,5 klst.

Ath. Auðveld, en fjölbreytt ganga

Kálfanesfjall: Sjónvarpshæð – Bleiksdalur – Kálfanes



Dvergarnir7: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/kalfanesfjall-nonhaed-bleiksdalur-184608884>

Hér er gengið um Kálfanesfjall. Upphafsreitir er við Hermannslund, en gæti alveg eins verið við flugstöðina eða kirkjugarðinn. Genginn er hringur upp á Sjónvarpshæð, þar eftir slóða upp á Kálfanesfjallið, að vötnunum sem voru um árabíl vatnsból Hólmvíkinga. Þar þarf að hreinsa til. Þaðan er svo gengið niður Bleiksdal og að Kálfanesi og þaðan niður að flugvelli og aftur að Hermannslundi.

Vegalengd: 8,5 km.

Tími: 2,5-3 klst.


Ath. Margt að sjá og skoða



Skeljavík

Skeljavík er eitt af þremur gömlum býlum á landinu sem kennd eru við skeljar. Í fornsögum, bæði Gísla sögu og Gunnlaugssögu Ormstungu, kemur fram að skip sem sigldu á milli Noregs og Íslands hafi lagt upp í Skeljavík. Jarðarinnar er svo getið í máldaga Kálfneskirkju árið 1397, en þá var hún eign kirkjunnar og var það enn 1709. Nú á Strandabyggð jörðina sem hefur verið vettvangur ýmissa framkvæmda.

Sjónvarpshæðin (Nónhæð)



Track: Elísabet Snædís: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/utsynishaed-vid-holmavik-48311783>

Gengið frá Hermannslundi (eða Hólmavík), upp á svokallaða Sjónvarpshæð sem áður hét Nónhæð. Talsvert brött brekka. Gestabók við sjónvarpsmastrið.


Vegalengd: 1,5 km.

Tími: 25 mín.

Ath. Afbragðs útsýni, hækkun



Skeljavíkursel



Track: Dvergarnir 7: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/skeljavikursel-184793790>

Gengið frá Hermannslundi (eða Hólmavík), upp á svokallaða Sjónvarpshæð sem áður hét Nónhæð. Þaðan áfram eftir varðaðri leið að Skeljavíkurseli sem er á hæð ofan við Þiðriksvallavatn, undir Selhyrnu, en ofan við Selbrekkur og Selmýrar. Gengið niður að veginum við vatnið og aftur að Hermannslundi eftir honum og síðan gömlum vegi frá Brekkuseli.

Vegalengd: 5,4 km.

Tími: 1,5-2 klst.

Ath. Gamlar götur og seljabúskapur



Þrjár styttri göngur í Skeljavík (og einn áningarstaður)

Hólmavíkurkirkjugarður – Hermannslundur

Gera þyrfti umbætur til að það sé stígur þar sem upp á vantar til að hægt sé að ganga frá kirkjugarðinum, niður að fjöru, yfir brúna á Hvítá og síðan áfram eftir gamla veginum, en upp að þjóðveginum við Einbúaklifið og yfir götuna að Hermannslundi. Þaðan til baka eftir stíg ofan vegar að kirkjugarðinum.

Hermannslundur

Hermannslundur var gerður árið 1979 og þá var reistur þarna í Skeljavíkurlandi minnisvarði um Hermann Jónasson, fyrrverandi forsætisráðherra og þingmann Strandasýslu. Í lundinum er hægt að borða nestið sitt og skoða skógræktina og svo er þarna úti-glímupallur Hermannni til heiðurs, en hann var glímukappi á yngri árum. Lundurinn er kjörinn áningarstaður fyrir þá sem eiga erfitt með fjallgöngur.



Kirkjugarðurinn – Skipatangi

Gönguleið frá kirkjugarðinum, út með sjónum um Skeljavíkina. Lagt upp frá kirkjugarðinum á Skeiðinu, niður Skeiðisbrekkuna og út með sjó að Skipatanga. Þaðan upp með golfvöllinum, yfir þjóðveginn og aftur að kirkjugarðinum ofan við veginn.

Skeljavík var verslunarstaður frá því um 1860. Þá fóru svokallaðir spekulantar eða lausakaupmenn að koma á sumrin og versla við Strandamenn í Skeljavík og þangað sóttu íbúar Reykhólasveitar einnig verslun. Verslað var í skipunum, en aðalumsvifin á landi og flutningar út í skip voru í Skipavík, sem er lítill vogur sem liggur út í

Skeljavíkina, og á Skipatanga, en fyrrum var hús þar á tanganum. Skeljavík varð löggiltur verslunarstaður með konungsbréfi árið 1863 og hélst verslun þar fram til 1894. Nú eru sumarhús og hesthús í Skeljavík, á þessum slóðum.



Fjarréttarölt

Sitt hvoru megin við Víðidalsána eru þrjár réttarbyggingar á frekar litlu svæði (og sjást allar á loftmyndinni hér á eftir. Stutt ganga er að skoða þessar þrjár réttir og upplagt að leggja bílnum við Skeljavíkurréttina sem enn er í notkun. Svo er þar niðri í hvamminum við ána gamla torfhlaðna ferhyrnda Skeljavíkurréttin sem var notuð á árunum 1860-1919.



Þriðja réttin sem er hringlaga torfhlaðin rétt, er Víðidalsármegin við ána. Hún er niðri í víkinni sem var kölluð Réttarvík eftir að réttin var byggð og tekin í notkun 1920, en Skothúsvík áður, en enginn veit lengur hvað víkin hét fyrir það, en þarna var byggt skothús á 19. öldinni. Eldri réttirnar tvær eru aldursfriðaðar fornminjar.

Á loftmyndinni hér að neðan sjást allar réttirnar.



Þiðriksvellir og Vatnshorn

Þiðriksvallavatn



Track: Kolla2901: <https://www.wikiloc.com/hiking-trails/thidriksvallavatn-110999215>

Gönguferð í kringum Þiðriksvallavatn, skammt frá Hólmavík, er sérstaklega skemmtileg gönguleið. Í vatninu, sem er mjög djúpt, er silungur og þjóðsögur segja reyndar að þar búi líka vatnaskrímsli og baneitruð silungategund sem er kölluð öfuguggi.

Lagt er upp frá stíflunni ofan við Þverárvirkjun, en fært er þangað upp eftir á öllum bílum. Fyrst er gengið fram með vatninu sunnanverðu. Hér er farið niður í Húsasal og síðan fylgt slóðum inn með vatninu á bak við klettaborgina. Síðan er farið um um Kerlingarskarð niður að vatninu, að bæjarstæði Þiðriksvalla. Heppilegra er að fara Húsadal ef börn eru í för eða ef menn eru lofthræddir. Ef farið er nær vatninu þarf að paufast yfir klettaborgirnar og ganga ógreiðfæra leið. Þá þarf að velja góðar leiðir og þræða kindagötur sem víða eru frekar tæpar.

Á Þiðriksvöllum var bær fram yfir miðja 20. öld, þegar stífla var reist fyrir Þverárvirkjun. Bærinn á Þiðriksvöllum stóð á sléttlendi við suðvesturhorn Þiðriksvallavatns, en nú nær vatnið innar í dalinn. Í þjóðsögum er bærinn kenndur við nautamann Steingríms trölla sem þarna bjó og við nautin hans eru Nautahjalli fyrir ofan bæjarstæðið og Nautadalur upp af Þiðriksvöllum kennd. Fleiri örnefni eru skýrð í sömu sögn, til dæmis Kálfaness. Húsarústir og tóftir eiga einnig að sjást í landi Þiðriksvalla þar sem heitir á Grímseyrum, á láglandinu á bakka Grímsegils.

Þegar stíflan við virkjunina var stækkuð árið 2000 voru rannsakaðar fornleifar á Þiðriksvöllum og fundust þá ummerki um landnámsbæ. Rannsóknaskýrsla um þessa fornleifarannsókn er aðgengileg á vefsíðu Minjastofnunar um fornleifa-skráningu og rannsóknir.

Þegar Þverá var upphaflega virkjuð til að Strandamenn fengju rafmagn árið 1953, hækkaði yfirborð vatnsins eftir stíflugerðina og bærinn fór í eyði. Vegurinn að bænum fór undir vatn að hluta og sömuleiðis megnið af túnunum.

Á eyrum framan við vatnið eru stundum forvitin hross í hópum sem líta við hjá göngumönnum. Þau eru í eigu hestamanna á Hólmavík. Kindur og fuglar setja líka svip á gönguferðina. Tvær litlar ár renna í það að framanverðu, aðra má stikla á steinum ef lítið vatn er í ánum, en hin krefst stígvéla. Þarna eru líka mýrar næst vatninu og kletthóll fyrir innan vatnið Þiðriksvallamegin heitir Stúlkuhóll og vatnið nær nú að honum. Þar býr huldufólk.



Með vatninu norðanverðu liggur akvegur sem kjörið er að ganga eftir, þrátt fyrir allmargar brekkur upp og niður. Rústir af eyðibýlinu Vatnshorni eru þarna í hlíðinni, nokkurn veginn á mótum Þiðriksvöllum og kjörið að setjast þar niður og borða nestið sitt, áður en hringnum í kringum vatnið er lokað. Sú jörð varð einnig óbyggileg þegar Þverárvirkjun var tekin í notkun.

Samkvæmt jarðabókinni 1709 var fornt eyðibýli sem hét Skerpingsstaðir í landi Vatnshorns. Þá sáust enn tóftir og girðingar en enginn vissi hvenær býlið fór í eyði. Skerpingsstaðir hafa sennilega staðið við Stekkjargil, þar sem síðar var kallað Fremri-stekkur.

Vegalengd: 11,2 km. **Tími:** 4 klst.

Ath. Stórskemmtileg hringleið




Virkjunarhringurinn

Lagt er upp frá Þverárvirkjun og gengið fram Húsadal eftir vegi og síðan upp að yfirfallsstíflu við vatnið í Kotskarði við sunnanvert Þiðriksvallavatn. Þar var áður bærin Smiðjuhús. Þaðan er gengið um frekar ógreiðfæra leið um klettaborgirnar að aðalstíflunni og þaðan aftur niður að Þverárvirkjun.

Smiðjuhús var sögð hjáleiga í landi Þiðriksvalla í jarðabókinni 1709 og virðist hafa farið í eyði skömmu eftir miðja 18. öld. Jörðin byggðist síðan aftur nokkur ár á síðari hluta 19. aldar.

Þverárvirkjun er vatnsaflsvirkjun sem var byggð á árunum 1951–1953 við Húsadalsá. Hún var fyrst gangsett þann 15. des. 1953 og síðar vígð með viðhöfn þann 4. sept. 1954. Þiðriksvallavatn er miðlunarlónið fyrir virkjunina.

Þverá sem áður rann úr Þiðriksvallavatni var stífluð og tekin í gegnum vatnspípu niður að Þverárvirkjun og rennur nú út í Húsadalsá í gegnum virkjunina. Stíflan sem upphaflega var byggð í gjúfri Þverár var að hluta til bogastífla, 17 metra löng og 10 metra há, sú fyrsta sinnar tegundar á landinu. Veggþykkt í bognum var 60 sm og heildarlengd stíflunnar var 34 metrar. Við þessar framkvæmdir hækkaði vatnsyfirborð Þiðriksvallavatns úr 78,5 m hæð yfir sjávarmáli í 82,5 metra og vatnið stækkaði úr 1,55 í 1,8 ferkílómetra. Stíflan var svo hækkuð lítilega í nokkrum áföngum næstu áratugina, m.a. 1963.



Á árunum 1999–2002 var þverárvirkjun svo endurnýjuð að miklu leyti og stóð Orkubú Vestfjarða fyrir framkvæmdum. Þá var byggð ný stífla og stöðvarhúsið stækkað og því breytt, skipt um hluta af þrýstivatnspípunni og ný vél sett niður.

Ný 500 metra löng jarðvegsstífla var byggð af Ístak og er gamla steypa stíflan hluti af henni. Með byggingu stíflunnar hækkaði yfirborð Þiðriksvallavatns um 6 metra til viðbótar og vatnsmagnið sem nýtist virkjuninni tvöfaldaðist. Yfirborð vatnsins var eftir þessa breytingu orðið 90 metrar yfir sjávarmáli og flatarmálið 2,7 ferkílómetrar.


Víðidalsárland

Höfðar, tangar og víkur utan Víðidalsár

Það er létt og áhugaverð gönguleið að leggja bílnum við afleggjarann niður í Skothúsvík rétt utan við Víðidalsána. Þaðan er tilvalið að rölta eftir fjöruni um höfðana og víkurnar út undir Hrófá. Þaðan er svo kjörið að ganga gamla veginn til baka að Hnitbjörgum og þaðan aftur niður að Skothúsvíkinni.

Þarna eru ýmsar minjar. Rétt við grjótnámu á Stekkjarhöfðanum er til dæmis heilmikill stekkur, rúmlega hundrað ára gamall. Þá tekur við Skipalágavík og í næsta höfða eru ögn skringilegar hleðslur, sem hafa þó líklega verið hluti af hjalli sem Hjallhöfðinn dregur nafn af. Upp af Hjallhöfðanum, ofan vegar, er Valshamar og þar er álfabyggð.

Utan við Hjallhöfða eru sker sem heita Gvendarflaga og Skarfasker. Hvítusandar eru svo í fjörunni Hrófármegin, þar er skelja-sandur.



Til að komast um Stórgrýtisbuginn þarf að fara upp fyrir veg eða ganga í vegkantinum yfir í Víðidalsárhólma þar sem ýmislegt er að sjá og skoða. Síðan er hægt að fylgja gamla veginum frá Hrófá yfir að Hnitbjörgum, en gamli vegurinn er merktur inn á kortið hér að framan. Leiðin liggur þá framhjá geymslusvæði þar sem Hólmvíkingar geyma margvíslegt góss sem er ekki alveg ónýtt ennþá í þeirra huga. Þaðan er svo rölt niður afleggjarann heim að Hnitbjörgum, aftur að Skothúsvík.

Bugastaðir


Skammt frá Víðidalsá er gamalt eyðibýli sem hefur farið í eyði snemma á öldum. Það heitir Bugastaðir eða Baugastaðir. Gengið er meðfram hlíðarlögginni frá Víðidalsá að Bugastöðum og þar sjást miklar rústir sem líta fornlega út.



Hægt er að gera hringleiðir úr göngunni, bæði með því að halda áfram í áttina að Hrófá og fara svo gamla veginn til baka að Víðidalsá, eða leggja á brattann frá Bugastöðum og fara upp á höfðann sem er fyrir ofan Víðidalsárbæinn. Þar uppi á fjallinu er mjög fallegur hjartalaga grjóthlaðinn nátthagi. Síðan væri þá farið niður að Víðidalsá og þaðan eftir vegslóðanum aftur heim að Víðidalsá.



Á kortinu hér að neðan sem er fengið í fornleifaskráningarskýrslunni fyrir Víðidalsá má sjá bæinn þar í ramma og sömuleiðis Bugastaði. Hvítu línurnar eru gamlar leiðir sem enn eru sjáanlegar.



Víðidalsárselið

Norðan við Víðidalsána er gamalt sel frá bænum Víðidalsá frammi á dalnum, í Selskarði. Gengið er eftir vegslóða frá Víðidalsá og farið yfir ána á vaði neðan við bæinn, þar sem hesthúsin standa núna. Þeim slóða er fylgt fram Húsadalinn, en svo er slóðanum fylgt yfir í Víðidal ofan við Djúpadal sem liggur þvert á Víðidalinn. Í næsta skarði framan við Djúpadal er gamla selið, talsvert langt frá ánni.




Frá því er kjörið að ganga niður að Víðidalsánni og fylgja slóða sem liggur um mestan hluta leiðarinnar, aftur heim að Víðidalsánni norðanverðri, eins og sjá má á fornleifaskráningarkortinu hér að neðan.



Víðidalur – Skógarlandsborg – Hrófársel

Mjög falleg leið er að ganga frá Víðidalsá inn Víðidalinn, án þess að þvera ána. Þar er slóði nokkuð langt inneftir og síðan er hægt að ganga undir klettaborgunum fram að Skógarlandsborg sem er heilmikil klettaborg. Þar átti Tröllatungukirkja ítak í hrísrifi á öldum áður. Það er um það bil klukkutíma rölt inn dalinn að Borginni.

Þegar komið er framhjá Skógarlandsborginni er kjörið að beygja til vinstri og taka stefnuna á Hrófársel, gamalt sel þar sem seinna var búið, á síðari hluta 19. aldar. Húsatóftirnar eru því sem næst undir rafmagnslínunni þar sem hún liggur frá Þverárvirkjun og upp á Tröllatunguheiði.




Frá Hrófárseli er síðan hægt að ganga í hring að Víðidalsá aftur og fara jafnvel um gamla veginn eða meðfram hlíðarlögginni framhjá Bugastöðum.



Ósdalur og Ósbergir

Seljaslóð: Kálfaness – Óssel – Ósdalur

Farið er frá Kálfanessi upp úr Bleiksdal fyrir ofan bæinn upp á Kálfanessfjallið. Þar er gamalt sel frá Kálfanessi í dalnum. Frá því liggur gömul gönguleið yfir fjallið og eftir sneiðing í fjallinu niður í Ósdal og að öðru seli sem er þarna talsvert innar í dalnum og dálítið frá Ósánni, Kálfanessmegin. Þessi tvö sel og greinilegir hlutar af leiðinni eru merkt hér inn á myndina sem er úr skýrslunni með skráningu fornleifanna. Hvíta línan er þar sem mótar fyrir gömlu leiðinni. Velja þarf góðan góðviðrisdag til ganga þessa leið, taka track af henni og myndir.



Hinu megin við ána og eiginlega á móti Kálfanesselinu er Óssel og sjást vel rústir af því. Þaðan er farið niður Ósdal, Ósmegin við ána alveg niður á þjóðveg og svo þaðan inn að Kálfanessi aftur. Þetta er talsverð gönguferð og er hægt að velja um að fara gömlu götuna upp fyrir Stakkinn eins og í Kálfaneshringnum eða með þjóðvegnum og upp fyrir flugvöllinn, áður en komið er að endanum á honum.

Svartafljót

Fjöldinn allur af þjóðsagnastöðum eru í landi Ósbæjanna. Í Ósá í Ósdal, undir Bólunum sem eru Ósmegin við ána, er hylur í ánni sem er kallaður Svartafljót. Hægt er að ganga þangað frá reykhusinu í norðausturhorni Stakkamýrinnar og yfir klettanefið og fram með ánni Kálfanesmegin. Þarna er allmikið hrís og velja þarf leiðina vel. Komið er að ánni við Svartafljót og er ágætt útsýni þar yfir ána og hylinn. Rétt ofan við hann Ós-megin eru litlir hellar í berginu rétt yfir árfarveginum og heitir sá stærsti Smalahellir. Góð stígvél þarf til að komast yfir ána og síðan slóða niður að fjárhúsunum við þjóðveginn.



Svartafljót er í raun álagablettur, en í honum má ekki veiða. Sagt er að refsingin fyrir að brjóta gegn þessum álögum sé að sá bóndi sem lætur veiða í hylnum í trássi við þessa bannhelgi, muni missa í honum mann á því sama ári. Í örnefnaskrá fyrir Ós sem Filippus M. Gunnlaugsson skráði og birtist í ungmennafélagsblaðinu *Viljanum* í janúar 1930 er saga af slíku:

Eigi fyrir löngu bjó maður sá á Ósi, er Ásgeir hét Snæbjörnsson og lét hann veiða silung í fljóti þessu eitt sumar. Um haustið sat smalapiltur frá honum hjá lömbum frammi í Bólum. Kom hann ekki heim á venjulegum tíma og var farið að leita hans. Fannst hundur hans þá ýlfrandi á Einstökueyrum, en pilturinn ekki. Nokkru síðar

fann þó Þórarinn Hallvarðsson, sem þá bjó á Ósi (innra) pilt þennan á eyrunum fyrir framan túnið og hafði hann druknað í ánni. Var hann borinn heim í hesthúshlöðu Þórarins, og þykir þar hafa orðið vart reimleika síðan.

Ásgeir þessi varð bóndi á Ósi 1883, eftir að hann flutti þangað með fjölskyldu sína frá Hólmavík. Þau Elínborg Gísladóttir voru frumbyggjar þar sem Hólmavíkurborg reis síðar og börn þeirra voru fyrstu „innfæddu“ Hólmvíkingarnir.

Það þarf ekki að leita lengi í kirkjubókum, sem nú eru aðgengilegar á vefnum heimildir.is, til að finna nafnið á drengnum. Kristmundur Jónsson 17 ára, unglundur á Ósi, druknaði í Ósá í október 1887, þann 16. samkvæmt kirkjubók, en þann 10. samkvæmt Íslendingabók. Hann var síðan jarðaður 22. okt samkvæmt kirkjubókinni. Ef maður leitar svo í skrá um fædda pilti í prestþjónustubókinni frá Stað í Steingrímsfirði, finnur maður Kristmund líka fljótlega. Þá kemur í ljós að hann var fæddur 3. júní 1870, sonur Jóns Jónssonar og Guðbjargar Ísaksdóttur sem þá bjuggu í Vatnshorn og síðar í Hrófárseli.

Bjarnavík

Á sumum stöðum fléttast saman náttúra, sögur og sagnir. Innan við Ós í Steingrímsfirði á Ströndum eru svokallaðar Ósbergir og undir þeim innanverðum er lítil vík sem heitir Bjarnavík. Þangað er fallett að ganga, meðfram sjónum frá þjóðveginum, þar sem hann liggur um Fellabökin. Þarna var forðum býli, að því er munnmæli og þjóðsögur segja. Lengja má gönguna og búa til hring með því að fara upp undir kletta á bakaleiðinni.



Þjóðsagan segir að í Bjarnavík hafi einu sinni verið stúlka niðursetningur. Hafði hún fyrir vana að gefa hröfnunum matarbita, þegar húsbændurnir sáu ekki til, en þeir voru harðlyndir og strangir. Eitt sinn þegar stúlkan kom út og ætlaði að gefa krumma, vildi hann ekki taka við matnum, en lét á sér skilja með krunki, hoppum

og látæði, að hann vildi að stúlkan fylgdi sér. Stúlkan elti krumma með matinn allt út undir túngarð, að útihúsum sem stóðu innar í víkinni.

Þegar hún var komin þangað að útihúsinu skipti engum togum að stór grjótskriða féll úr hlíðinni yfir bæinn og fórust húsbændurnir þar og fólkið allt, en stúlkan bjargaðist og átti hrafninum líf sitt að launa.

Enn má sjá garða og tóftir gægjast undan grjótskriðunni þarna í Bjarnavík.

Ósfell og Óstafla

Gengið upp á Ósfell (klettaborgirnar fyrir innan bæina á Ósi) og Óstöflu (sem er efst á Ósfellinu), eftir hrygg sem liggur upp á borgirnar. Best er að hefja gönguna Ósmegin við brúna yfir ána á afleggjaranum heim að bænum. Á Borgunum er paradís fyrir mosafraeðinga og margar skrítnar steinmyndanir sem gaman er að skoða.



Frekari kortlagning á leiðum

Aðeins hluti af þessum leiðum sem rætt er um hér að ofan eru komnar með track í Wikiloc kerfinu. Þess vegna er nauðsynlegt að kortleggja þær betur og ganga þær síðan á góðviðrisdegi og taka ljósmyndir af helstu kennileitum, náttúruperlum og sögustöðum á hverri leið, um leið og gönguleiðin er tekin upp, þannig að myndirnar tengist trackinu.

Wikiloc kerfið upplýsir um vegalengdina eftir að leiðin hefur verið tekin upp, hækkun á hverri leið, heildartímann sem gönguferðin tók og hversu mikinn hluta af henni göngumaðurinn var á hreyfingu. Eftirvinnslan eftir gönguferðina felst svo í því að setja margvíslegan fyrirliggjandi fróðleik, örnefni, þjóðsögur og sögur, inn á myndirnar sem fylgja hverri leið. Alltaf er hægt að uppfæra fróðleikinn eftir á og bæta við leiðarlýsinguna og frásögnina við hverja mynd. Sjálfsagt er að gera þetta og vanda til verka, til að auka gæði hvernar leiðarlýsingar sem mest.

III. Helstu heimildir og ítarefni sem kemur sér vel

Ásta Hermannsdóttir, Brenda Prehal, Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir (2024): *Fornleifaskráning Kálfaness, Skeljavíkur og Víðidalsár, Strandasýslu*. Byggðasafn Skagfirðinga. Tengill á slóðinni er [undir þessum tengli](#).

Jón Jónsson og fleiri: *Vestfirska þjóðfræðivefjan*. Vefkort. Sögusmiðjan og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum. Vefkortið má finna [undir þessum tengli](#).


Nafnið.is – Örnefnavefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslensku fræðum. Aðgengilegt á slóðinni: www.nafnid.is.

Óli E. Björnsson (1990): *Hólmavíkurbók*. Hólmavík.

Göngukort Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Sveinn Helgi Sverrisson, Valur Þór Hilmarsson og Hjalti Finnsson: *Merkingar á gönguleiðum*. Fræðslurit Ferðamálastofu: Umhverfisbætur á ferðamannastöðum. Tengil á skýrsluna [er undir þessum hlekk](#).

Gísli Rafn Guðmundsson (2014): *Íslenskir þjóðstígar. Stefnumótun um gönguleiðir á Íslandi*. Verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tengill á slóðinni [er undir þessum hlekk](#).



FORNLEIFASKRÁNING KÁLFANESS,
SKELJAVÍKUR OG VÍÐIDALSÁR,
STRANDASÝSLU
BRÖTHETTAR BYGGDIR

 Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR, BRENDA PREHAL, BRYNDÍS ZOËGA OG YLFA LEIFSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2024/257